

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um stæði fyrir hreyfihamlaða

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 1. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Hversu mörg bílastæði eru fyrir hreyfihamlað fólk í Reykjavík? Hve mikið hefur þeim fjölgað/fækkað síðustu 10 ár?


Fyrirspurninni var vísað til umagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 22. mars 2023.

Svar:

Í borgarvefsjá hafa stæði fyrir hreyfihamlaða verið færð inn að einhverju leyti en ekki er haldið sérstaklega utan um fjölda þeirra hverju sinni, enda er stæðunum breytt reglulega eftir þörfum borgaranna. Í þeim hluta borgarinnar sem hefur verið kortlagður í borgarvefsjá eru sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaðaeinstaklinga á borgarlandi hátt í 50 talsins og almenn stæði fyrir hreyfihamlaða hátt í 200. Sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða einstaklinga innan lóða eru þrjú og almenn stæði fyrir hreyfihamlaða innan lóða tæplega 700. Stæðin eru þó mun fleiri þar sem kortlagningin er að hluta til unnin með rýni á loftmyndum, en erfitt getur verið að koma auga á þessi stæði innan lóða á loftmynd.

Líkt og fram hefur komið er ekki haldin sérstök skrá yfir bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Af þeim sökum er ekki hægt að gefa fullnægjandi svar um fækkun eða fjölgun þeirra síðustu 10 ár. Við samantekt sérákvæða um stæði fyrir hreyfihamlaða síðustu þrjú ár var árið 2021 samþykktar sex tillögur að sérmerkingu bílastæða fyrir hreyfihamlaða, árið 2022 átta tillögur að níu stæðum og það sem af er ári 2023 hafa fimm tillögur verið samþykktar. Hér er einungis um að ræða samantekt á tillögum að breytingum á tilteknum bílastæðum á borgarlandi en flest stæði fyrir hreyfihamlaða eru innan lóða í samræmi við byggingarreglugerð.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri



Mynd 1 Kortlögð stæði fyrir hreyfihamlaða í Reykjavík í borgarvefsjá¹.

¹ <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/?x=361103.9&y=406331.3&z=3&visiblayers=634,635,629,633,632,631,630,601,627,623,621,622,624,625>